



YFIRLÝSING

FORSÆTISRÁÐHERRA, FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐHERRA OG HEILBRIGÐISRÁÐHERRA OG LÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS OG SKURÐLÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS Í TENGLUM VIÐ GERÐ KJARASAMNINGA LÆKNA

Aðilar eru sammála um að vinna að eftirfarandi markmiðum á grundvelli formlegrar staðfestingar undirritaðra kjarasamninga:

1. Ráðist verði í átak í tengslum við stefnu stjórnvalda um betri heilbrigðisþjónustu með virkum stuðningi lækna og öflugri þátttöku þeirra í stefnumótun sem byggist á bættri starfsaðstöðu og betri nýtingu fjármuna.
2. Heilbrigðiskerfið búi við sambærilegan ramma hvað varðar fjármuni og fjölda starfsmanna og önnur Norðurlönd að teknu tilliti til sérstöðu Íslands hvað varðar mannfjölda og staðhætti. Stýring innan heilbrigðiskerfisins þarf að vera sambærileg við það besta sem þekktist á öðrum Norðurlöndum með markvissri klínískri stjórnun, á grunni leiðbeininga.
3. Haldið verði fast við þá stefnu sem mörkuð var í fjárlögum ársins 2014 og kveður á um aukið fjármagn til heilbrigðismála. Ljóst er að áskorunum heilbrigðisþjónustunnar verður ekki mætt með auknum fjármunum eingöngu. Kappkosta verður að hámarka nýtingu fjármagnsins, m.a. með framleiðnisamanburði og hvatningu til skilvirkni og aukinna gæða þjónustunnar.
4. Sjónum verði beint að framleiðni í heilbrigðisþjónustunni samhliða auknu fjármagni og metnaðarfullri þjónustustefnu. Hvergi verður hvikað frá þjónustumarkmiðum og þess gætt að aukin framleiðni tefji hvorki eðlilegar nýjungar og framfarir né skerði umsamin laun eða kjör.
5. Starfsaðstaða verði bætt með byggingu nýs Landspítala, endurnýjun tækja, samtengingu rafrænnar sjúkraskrár, eflingu heimilislækninga og svigrúmi til fyrsta flokks lækni meðferðar. Tryggt verður að fjárfesting í húsnæði og tækjum sé markviss og skili í senn varanlegri hagkvæmni og betri meðferð sjúklinga til lengri tíma, m.a. með vandaðri stýringu á fjölda og notkun rekstrareininga sem sinna mjög sérhæfðri greiningu og meðferð.
6. Samvinna Landspítala, heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni og annarra veitenda heilbrigðisþjónustu verði aukin.
7. Fram fari heildstæð skoðun á skipulagi, uppbyggingu og fjármögnun heilbrigðiskerfisins. Opna þarf möguleika á fjölbreyttum rekstrarformum sem byggja á virkri þjónustu- og verkefnastýringu, skýrum gæðakröfum samhliða jafnræði í greiðslum óháð rekstrarformi.
8. Launakjör lækna þar á meðal grunnlaun, vinnuálag og vaktafyrirkomulag verði samkeppnisfær og færð nær því kerfi sem tíðkast á Norðurlöndunum að teknu tilliti til þeirrar sérstöðu sem íslensk heilbrigðisþjónusta býr við. Skapaðar verði forsendur til þess að læknar geti unnið á einum stað eingöngu.

Reykjavík, 8. janúar 2015

Kristján Þór Júlíusson
heilbrigðisráðherra

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
forsætisráðherra

Illugi Gunnarsson
mennta- og menningarmálaráðherra
og starfandi fjármála- og
efnahagsráðherra

Porbjörn Jónsson
formaður Læknafélags Íslands

Kristin Huld Haraldsdóttir
varaformaður Skurðlæknafélags Íslands